

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 8. febrúar kl. 09:45, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 715. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Jón Kjartan Ágústsson, Margrét Þómar, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Lilja Grétarsdóttir, Ingvar Jón B. Gíslason, Hildur Gunnarsdóttir og Guðlaug Erna Jónsdóttir.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

## Þetta gerðist:

- Skólavörðustígur 2, (fsp) skilti** (01.171.2) Mál nr. SN190070  
Skjalnr. 12607  
630916-1510 Skólavörðustígur 2 ehf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Skólavörðustígs 2 ehf. dags. 28. janúar 2018 um að setja LED skilti/auglýsingaskilti á hlið hússins á lóð nr. 2 við Skólavörðustíg.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Árbæjarhverfi, framkvæmdaleyfi** (04.26) Mál nr. SN190075  
Skjalnr. 7873  
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 4. febrúar 2019 ásamt greinargerð dags. ódags. um framkvæmdaleyfi vegna lagningu stofnæðar hitaveitu frá Suðuræð við Rauðavatn að aðstöðu Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls/Réttarháls ásamt lagni 11kV háspennustrengja, samkvæmt teikningum HMIT verkfræðistofu dags. 17. desember 2018, 23. janúar 2019 og ódags. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. febrúar 2018.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
- Bíldshöfði 5, (fsp) stækkun á byggingarreit** (04.055.6) Mál nr. SN180881  
Skjalnr. 14061  
420970-0139 Bílahöllin-Bílaryðvörn hf., Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík  
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 20. desember 2018 um að stækka byggingarreit lóðarinnar nr. 5 við Bíldshöfða, samkvæmt uppdr. Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 14. desember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.*
- Fossvogur brú, deiliskipulag** (01.8) Mál nr. SN160764  
Skjalnr. 12982  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2019, þar sem bent er á fella þarf út af uppdrætti fyrirhugaða Skerjafjarleið til vesturs. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt lagf. uppdr. Alta dags. 1. október 2018 br. 21. janúar 2019, lagf. greinargerð Alta dags. 1. október 2018 br. 21. janúar 2019 og umsögn Alta um athugasemdir dags. 5. febrúar 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

5. **Gufunes, áfangi 1, deiliskipulag** (02.2) Mál nr. SN170476  
Skjalnr. 7808  
Lagður er fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar, dags. 3. janúar 2019, varðandi nokkur ósvöruð atriði í uppfærðum skipulagsgögnum, þ.e. greinargerð og uppdráttum fyrir skipulag í Gufunesi 1. áfanga. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. janúar 2019, lagf. uppdrættir Jvantspijker dags. 11. maí 2018 síðast br. 1. febrúar 2019 og lagf. greinargerð og skilmálar Jvantspijker síðast br. 1. febrúar 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2019 samþykkt.*
6. **Kjalarnes, Dalsmynni, (fsp)** Mál nr. SN180713  
*þjónustumiðstöð* Skjalnr. 10153  
Bjarni Bærings Bjarnason, Brúarreykir, 311 Borgarnes  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Bærings Bjarnasonar dags. 10. október 2018 ásamt greinargerð dags. 28. september 2018 um uppbyggingu á alhliða þjónustumiðstöð fyrir stærri flutningabíla ásamt skiptistöð vegna almenningssamgangna á þeim hluta lóðarinnar Dalsmynni, sem er á mótum Vesturlandsvegur og Kjósarvegur. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar samgöngustjóra og Strætó BS og er nú lögð fram að nýju umsögn samgöngudeildar dags. 26. nóvember 2018 og umsögn Strætó bs. dags. 19. nóvember 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.*
7. **Kjalarnes, Sætún, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180648  
Skjalnr. 10219  
Kristinn Gylfi Jónsson, Mýrargata 26, 101 Reykjavík  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. febrúar 2019 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki eru uppfyllt ákvæði skipulagsreglugerðar um 50 m. fjarlægð frá vegi sbr. gr. 5.3.2.5 og skilmálar sem gilda eiga eftir breytinguna eru ekki nógu skýrir o.fl. samkvæmt bréfi stofnunarinnar.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
8. **Garðastræti 37, breyting á deiliskipulagi** (01.161) Mál nr. SN180049  
Skjalnr. 7495  
530608-0690 GAMMA Capital Management hf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. ágúst 2018 var lögð fram umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 24. janúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.161 vegna lóðarinnar nr. 37 við Garðastræti. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera þaksvallir á húsíð, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. ódags. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi skrifstofu sviðstjóra dags. 8. febrúar 2019.  
*Lagt fram bréf skrifstofu sviðstjóra dags. 8. febrúar 2019.*
9. **Hverfisgata 76, Breyting inni, svalir, breyta** (01.173.009) Mál nr. BN055742  
*skrifstofum í íbúðir* Skjalnr.  
460814-0220 Casula ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fernar svalir á suðurhlíð og innréttá fjórar íbúðir á 2. og 3. hæð hússins á lóð nr. 76 við Hverfisgötu. Erindi fylgir samþykki sumra meðeigenda dags. 28. janúar 2019 áritað á uppdrátt. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Grandagarður 8, (fsp) breyting á** (01..11.5.1) Mál nr. SN180475  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 13977  
490813-0630 EON arkitektar ehf., Brekkugötu 14, 220 Hafnarfjörður  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. október 2018 var lögð fram fyrirspurn EON arkitekta ehf. dags. 22. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Grandagarði 8 um hækkun og stækkun hússins í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti EON arkitekta ehf. dags. 15. júní 2018 og greinargerðir dags. 20. júní 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur frá fyrirspyrjanda dags. 13. september 2018 og svarpósti skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2018. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lögð fram að nýju ásamt skýringaruppdr. EON arkitekta ehf. dags. 16. janúar 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
11. **Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1,** (01.152.4) Mál nr. SN180630  
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 11187  
600269-0979 Ottó ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. Ottó ehf., mótt. 27. apríl 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og nr. 1 við Veghúsastíg. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir nýjir byggingarreitir á lóð ásamt byggingarreitur fyrir smáhýsi. Innan byggingarreits fyrir smáhýsi er heimilt að reisa palla og smáhýsi allt að 2.2 metrum að hæð. Einnig er gert er ráð fyrir 6 íbúðum á lóð, en ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóð. Jafnframt verða byggingar á lóð nr. 1 við Veghúsastíg fjarlægðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 23. maí 2016. Einnig er lögð fram prófunarskýrsla Mannvits vegna cöbraborunar, dags. 9. júní 2016, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkurborgar dags. 22. janúar 2016, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkurborgar vegna forleifa á lóðinni dags. 22. janúar 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands 11. febrúar 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 1. febrúar 2018. Tillagan var auglýst frá 1. október 2018 til og með 12. nóvember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Klapparstígur 17, húsfélag ásamt eigendum að Klapparstíg 13, 13A og 16 og Veghúsastíg 1A dags. 12. nóvember 2018. Einnig eru lagðir fram sjö tölvupóstar dags. 12. nóvember 2018 þar sem ekki er gerð athugasemd við tillögu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. nóvember 2018 og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
12. **Lágholtsvegur 15, Tvílyft bygging** (01.520.303) Mál nr. BN055717  
Skjalnr. 13193  
Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík  
Xavier Rodriguez Gallego, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri með einni íbúð sem viðbót við núverandi einbýlishús á lóð nr. 15 við Lágholtsveg. Stækkun: 156,4 ferm., 899,1 rúmm. Meðfylgjandi erindi er séruppdráttur vegna makaskiptaafsals, frá Mælingadeild Skrifstofu borgarverkefndings, dagsett 28. júlí 1995. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Lofnarbrunnur 10-12, breyting á skilmálum** (02.695.8) Mál nr. SN190060  
*deiliskipulags* Skjalnr. 14007  
 640817-1510 Þórshing ehf., Frostapingi 4, 203 Kópavogur  
 Lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 30. janúar 2019 ásamt bréfi dags. 25. janúar 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10-12 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst að heimilt er að svalir á 2. hæð hússins skagi allt að 200 cm. út fyrir bindandi inndregna byggingarlínu, samkvæmt tillögu Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 25. janúar 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg.*
14. **Skeiðarvogur 109, breyting á deiliskipulagi** (01.436.1) Mál nr. SN190073  
 Skjalnr. 14010  
 Steinunn Rósa Einarsdóttir, Skeiðarvogur 109, 104 Reykjavík  
 Lögð fram umsókn Steinunnar Rósu Einarsdóttur dags. 4. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 109 við Skeiðarvog. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir 40 fm. smáhýsi á lóð, samkvæmt kynningargögnum.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
15. **Sæviðarsund 11-13, (fsp) svalalokun** (01.356.502) Mál nr. SN190030  
 Skjalnr. 13974  
 Yiling Wang, Sæviðarsund 13, 104 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Yiling Wang og Ding Wang dags. 10. janúar 2019 um að loka svölunum á húsinu nr. 13 á lóð nr. 11-13 við Sæviðarsund, samkvæmt skissu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.*
16. **Þórsgata 14, (fsp) stækkun húss** (01.186.3) Mál nr. SN190062  
 Skjalnr. 7075  
 Sigfinnur Mikaelsson, Hafnargata 10, 710 Seyðisfjörður  
 Lögð fram fyrirspurn Sigfinns Mikaelssonar dags. 30. janúar 2019 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 14 við Þórsgötu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
17. **Efstasund 77, Stækkun á risþaki - endurbætur** (01.410.117) Mál nr. BN055715  
 Skjalnr. 13946  
 Ísak Thorberg Gunnarsson, Efstasund 77, 104 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að hækka rishæð og breyta þakgerð á húsi nr. 77 við Efstasund. Stækkun: xx,xxx Erindinu fylgir afrit af umsögn Skipulagsfulltrúa dagsett 1. júní 2018.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
18. **Hverfisgata 112 og 114, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.240.0) Mál nr. SN190063  
 Skjalnr. 12933  
 690914-1660 Vatnaborg ehf., Kópavogsbakka 2, 200 Kópavogur  
 710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi, Hlemmur, vegna lóðanna nr. 112 og 114 við Hverfisgötu sem felst í að stækka núverandi byggingar eða byggja nýtt, sameina lóðir og koma fyrir verslun og þjónustu á 1. hæð og íbúðum/hótelíbúðum á efri hæðum, samkvæmt tillögu T.ark Arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Klettagarðar 8-10, breyting á deiliskipulagi** (01.322.1) Mál nr. SN190059  
Skjalnr. 7991  
461009-0420 Klettur - sala og þjónusta ehf., Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík  
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 29. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 8-10 við Klettagarða. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit fyrir áfanga 2 um 3 metra til norðausturs í átt að lóðarmörkum við Skarfagarða annarsveggar og fá nýjan 60 fm. byggingarreit við norðausturhorn núverandi húsnæðis, samkvæmt uppdr. Möndull verkfræðistofu ehf. ódags.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
20. **Melgerði 17, Breyta efri hæð og byggja sólstofu** (01.815.312) Mál nr. BN055129  
Skjalnr. 14013  
Svanhvít Aðalsteinsdóttir, Melgerði 17, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að rífa núverandi kvisti og gera nýja og stærri kvisti, byggja sólstofu á austurhlíð og breyta fyrirkomulagi efri hæðar sem og gluggasetningum á einbýlishúsinu á lóð nr. 17 við Melgerði. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2018. Meðfylgjandi er bréf umsækjanda ódagsett.  
Stækkun: 107,7 ferm., 314,8 rúmm. Gjald kr. 11.000  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
21. **Veðurstofuhæð, nýr mælireitur, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190082  
Skjalnr.  
Lögð fram tillaga Kanon arkitekta að nýju deiliskipulagi Veðurstofuhæðar vegna nýs mælireits. Í tillögunni felst að skilgreind er ný afmörkuð lóð fyrir nýjan mælireit Veðurstofu Íslands. Reiturrinn/lóðin verður norðvestan Veðurstofunnar á opnu útivistarsvæði við Minni Öskjuhlíð. Á mælireitnum verða möstur, mælitæki og tengd aðstaða til veðurmælinga og rannsókna. Umhverfis mælireitinn verður opið helgunarsvæði, sem nýtist sem útivistarsvæði, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 7. febrúar 2018. Einnig er lagður fram samningur Reykjavíkurborgar og Veðurstofu Íslands um færslu veðurmælireits og uppbyggingu veðurstöðvakerfis í borginni og minnisblöð Veðurstofu Íslands dags. 18. júní 2017, 10. janúar 2019 og 5. febrúar 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
22. **Borgartún 1 og 3, breyting á deiliskipulagi** (01.216.2) Mál nr. SN180844  
Skjalnr. 6558  
450613-2310 BE eignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lögð fram umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. desember 2018 ásamt bréfi dags. 26. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðaranna nr. 1 og 3 við Borgartún. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar byggingarreits nr. 1 til austurs, aukið byggingarmagn, hækkun hámarkshæðar og breytingu á bílastæðakröfu. Lóð nr. 3 minnkar sem nemur stækkun lóðarinnar nr. 1 við Borgartún, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 29. nóvember 2018. Einnig er lagt fram skuggvarp dags. 27. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

23. **Borgartún 6, (fsp) gististaður** (01.220.0) Mál nr. SN190051  
Skjalnr. 5253  
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn VA arkitekta ehf. dags. 24. janúar 2019 um að reka gististað á efstu hæð hússins á loð nr. 6 við Borgartún. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*
24. **Hrefnugata 9, Gluggabreytingar - rennihurð og tröppur** (01.247.210) Mál nr. BN055641  
Skjalnr. 10402  
Gylfi Þór Valdimarsson, Hrefnugata 9, 105 Reykjavík  
Anna Svava Knútsdóttir, Hrefnugata 9, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til síkka glugga á 2. hæð, koma fyrir nýjum glugga á 1. hæð á austurhlið og sameina og síkka glugga á 1. hæð á suðurhlið og koma fyrir rennihurð og stigapalli út í garð á húsinu á lóð nr. 9 við Hrefnugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lag fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019. Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.*
25. **Njarðargata 45, Gistiheimili - svalir** (01.186.605) Mál nr. BN054075  
Skjalnr. 12881  
710505-1440 Spur ehf, Freyjugötu 24, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til gera gististað í flokki ll - tegund b fyrir 10 manns ásamt því að gera svalir á bakhlíð á 2. og 3. hæð og bæta brunavarnir í húsi á lóð nr. 45 við Njarðargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018. og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. apríl 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018. Gjald kr. 11.000  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Njarðargötu 43 og 47, Haðarstig 16, 18, 20 og 22.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.1 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
26. **Rafstöðvarvegur 25, breyting á deiliskipulagi** (04.25) Mál nr. SN180886  
Skjalnr. 10924  
Þórarinn Arnar Sævarsson, Miklabraut 80, 105 Reykjavík  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 21. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Íbúðarsvæði við Rafstöðvarveg vegna lóðarinnar nr. 25 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni lóðarinnar sem felst í að gera gera viðbyggingu við íbúðarhús auk gufubaðs með skiptiaðstöðu inn á lóðinni ásamt niðurrifi á núverandi bílgeymslu og endurbyggingu hennar innar á lóðinni, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 20. desember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 6. febrúar 2019 til og með 6. mars 2019 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst þann 25. janúar 2019 er erindi nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að stytta grenndarkynningartíma þar sem samþykki hagsmunaaðila liggur fyrir.*  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

27. **Fálkagata 10, Bæta þriðju hæð við og svölum á 2. hæð.** (01.553.122) Mál nr. BN055722  
Skjalnr. 430304-3640 Landslaginn ehf., Lautarvegi 30, 103 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að bæta við 3. hæð úr timbri ofan á núverandi steinsteypt hús, endurskipuleggja núverandi íbúðir og bæta við svölum á sitt hvora íbúðina á 2. hæð hússins á lóð nr. 10 við Fálkagötu. Stækkun: 100,9 ferm., 209,9 rúmm. Erindinu fylgir umboð eiganda dagsett 12. apríl 2018 og skýringarmyndir hönnuða dagsettar 17. ágúst 2017. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
28. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN180683  
Skjalnr. 8534  
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Lögð er fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018. Einnig er lagt fram bréf Sigurðar Á. Þráinssonar og Sólveigar K. Jónsdóttur dags. 1. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir ítarlegri gögnum um skuggavarp og framlengingu á athugasemdafresti.  
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til 22. febrúar 2019.*
29. **Óðinsgata 19, Viðbygging og endurnýjun** (01.184.516) Mál nr. BN055753  
Skjalnr. 13616  
461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að endurnýja núverandi byggingu á lóð, MHL-01, og fjölga íbúðum úr 2 í 5 og byggja nýtt þriggja hæða íbúðarhús, MHL-02, með þremur íbúðum á lóðarmörkum lóðar nr. 19 við Óðinsgötu. Stækkun MHL-01: 170,9 ferm., 504,3 rúmm. Stækkun MHL-02: 214,1 ferm., 609,6 rúmm. Erindinu fylgir útreikningur á varmatapi fyrir Mhl-01 og Mhl-02 dagsettir 29. janúar 2019 og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar um fyrirhugaðar framkvæmdir, dagsett 6. apríl 2017. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
30. **Vesturgata 51C, Hækka ris** (01.134.007) Mál nr. BN055292  
Skjalnr. 11205  
Haflþór Páll Bryndísarson, Vesturgata 51C, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka ris þannig að ný hæð verði þar sem nú er hæð og ris í húsi á lóð nr 51C við Vesturgötu.  
Stækkun: ferm, rúmmetrar. Vísað er í umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. apríl 2014, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa, dags. 28. apríl 2014 og umsögn Minjasafns Reykjavíkur, dags. 18. maí 2014. Gjald kr. 11.000  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
31. **Hverfisgata 106, (fsp) geymsluskúr á baklóð** (01.174.1) Mál nr. SN190002  
Skjalnr. 13321  
440507-1310 Gunnfánar ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík  
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Noland Arkitekta ehf. dags. 2. janúar 2018 ásamt greinargerð ódags. um að setja geymsluskúr á baklóð lóðarinnar nr. 106 við Hverfisgötu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
32. **Kamsvegur 4, (fsp) færsla á bílskúrs** (01.352.6) Mál nr. SN180811  
Skjalnr. 14046

Halldór Hreinsson, Kambsvegur 4, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Halldórs Hreinssonar dags. 25. nóvember 2018 um að færa bílskúr á lóð nr. 4 við Kambsvæg ca. 8 metra aftar á lóð, samkvæmt skissu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*

33. **Karástígur 1, (fsp) - Léttar svalir** (01.182.308) Mál nr. BN055730  
Skjalnr. 7834  
Eiríkur Jónsson, Káraástígur 1, 101 Reykjavík  
Oddný Sigurðardóttir, Káraástígur 1, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem spurt er hvort leyft yrði að byggja svalir við sólstofu á bakhlið húss á lóð nr. 1 við Káraástíg.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
34. **Vesturgata 67, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.133.1) Mál nr. SN180834  
Skjalnr. 14053  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf. Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 5. desember 2018 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits, vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu sem felst í stækkun byggingarreits til suðurs, aukningu á byggingarmagni og að nýbyggingin verði fimm hæðir ásamt stækkun lóðar til norðurs að Vesturgötu, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 4. desember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 með þeim skilyrðum og leiðbeiningum sem þar koma fram.*
35. **Borgartún 8-16A, Skilgreina íbúð 12.hæð -** (01.220.107) Mál nr. BN055713  
*Brietartún 9* Skjalnr. 5902  
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að skilgreina íbúð 1201 sem gististað í flokki II í fjölbýlishúsinu Brietartúni 9 á lóð nr. 8-16 við Borgartún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og deildarstjóra Aðalskipulags Reykjavíkur og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa og deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 8. febrúar 2019. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa og deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*
36. **Háagerði 21, Bílageymsla - sólstofa** (01.815.211) Mál nr. BN055657  
Skjalnr. 14070  
Ólafur Þorsteinsson Briem, Háagerði 21, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílgeymslu á norðvesturhlíð, byggja sólstofu við eldhús ásamt því að byggja yfir svalir og gera franskar svalir á svefnherbergi á 2. hæð raðhúss á lóð nr. 21 við Háagerði. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019. Einnig fylgir bréf umsækjanda dags. 30. janúar 2019. Stækkun: 55,7 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*



37. **Kleifarás 6, Stækkun og breyting á einbýlishúsi** (04.375.503) Mál nr. BN055484  
Skjalnr. 14049  
Agnar Bergmann Birgisson, Kleifarás 6, 110 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka og breyta einbýlishúsi nr. 6 við Kleifarás. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. desember 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018. Stækkun: 75,5 ferm., xx,xx rúmm.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*
38. **Láland 2-8, Viðbygging** (01.874.201) Mál nr. BN055721  
Skjalnr. 11544  
Trausti Ágústsson, Láland 2, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu sem verður einangruð að utan og klædd koparskífum ásamt því að einangra og klæða með sléttum álplötum eldri húshluta og lengja steiptan vegg til norðurs á einbýlishúsi nr. 2 á lóð nr. 2-8 við Láland. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
Stækkun: 108,4 ferm., 488,3 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*
39. **Melbær 31-43, (fsp) nr. 35 - íbúðarherbergi í kjallara** (04.361.4) Mál nr. SN190055  
Skjalnr. 14075  
Ingi Brynjar Erlingsson, Melbær 35, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Inga Brynjars Erlingssonar dags. 22. janúar 2019 um að setja íbúðarherbergi í kjallara hússins nr. 35 á lóð nr. 31-43 við Melbæ með sér fasteignanúmeri. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*
40. **Snæland 1-7, (fsp) nr. 3 - skipta íbúð í tvær íbúðir** (01.871.2) Mál nr. SN190054  
Skjalnr. 14074  
Sílja Hendriksdóttir, Snæland 3, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Sílju Hendriksdóttur dags. 22. janúar 2019 um að skipta íbúð í húsi nr. 3, fnr. 2038157, á lóð nr. 1-7 við Snæland í tvær íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.*

41. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,**  
**Sundahöfn, breyting á aðalskipulagi,**  
*stækkun hafnarsvæðis*

Mál nr. SN180358  
Skjalnr. 5987

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags í nóvember 2018, uppf. 13. desember 2018, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sundahöfn vegna landfyllingar við Klettagarða ásamt umhverfisskýrsla VSÓ ráðgjafar dags. í september 2018, uppf. 14. desember 2018. Einnig er lögð fram greinargerð Veitna ohf. dags. 4. desember 2018, bréf Faxaflóahafna sf. dags. 14. desember 2018 og bréf Skipulagsstofnunar dags. 13. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 21. desember 2018 til og með 1. febrúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsögn: Veitur ohf. dags. 1. febrúar 2019 og Umhverfisstofnun dags. 31. janúar 2019.

*Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:25.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir